

Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Reiðtúr

Næsti Pési kemur út .11.sept 2014

Athugið!!

Efni í Pésann-verður að berast í allra síðasta lagi 8.sept

Efni í þessu blaði:

Förystugrein	2
Kvenfélags-reiðtúr	7
Zero-atvinna	7
Atvinna	8
Smárafréttir	10



Pési



Ágúst 2014

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

<http://www.facebook.com/pages/Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts>

24. árgangur. 284 tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



B Ó K A S A F N



Frá Bókasafni Hrunamanna

Opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18



Munið! **Alltaf** hægt að skila safngögnum í skilalúguna ☺

Verið velkomin á bókasafnið.


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Sveitarstjórapistill

Ágúst mánuður er genginn í garð og nú fara menn að skríða úr sumarfríinu og takturinn að breytast. Leikskólabörnin byrja að trítla í skólann sinn þann 14. ágúst og Flúðaskólabörnin banka á dyrnar þann 21. ágúst.

Sumarið hefur verið viðburðaríkt eins og ávallt og mikið af fólki á ferðinni á svæðinu. Það má hins vegar segja að júlímánuður hafi verið brellinn og bæði hrellt ferðaþjónustuna og bændur sem hafa þurft að sýna útsjónarsemi til að ná þurrum heyjum og eyðilagt að einhverju leiti það afbragðssumar sem leit út fyrir hjá garðyrkubændum í útiræktinni. En svona er Ísland, aldrei hægt að reikna það út.

Það voru margar hátíðir í sumar, fjölbreyttar og vel sóttar. Ég vil þakka 17. júní nefndinni fyrir góð störf og skemmtilega hátíð en það er ómetanlegt að fólk sé tilbúið að leggja á sig mikla vinnu fyrir okkur hin sem síðan njóta. Það var gaman að sjá að Bryðjuholtsfjölskyldan fékk Umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps og er það myndarþú vel að þeim heiðri kominn. Það var líka skemmtilegt að Helga í Bryðjuholti myndi loksins fá sjálf verðlaunaskjöldinn sem hún hefur af einstakri alúð og vandvirki útbúið fyrir verðlaunahafa síðustu árin. Þá var Bylgjulestin á sínum stað í júlí og er góð auglýsing fyrir okkur öll. Verslunarmannahelgin var á sínum stað og fór vel fram að mestu. Vil ég þakka ferða- og menningarnefnd sérstaklega fyrir mikla vinnu við að halda utan um skipulag á dagskrá verslunarmannahelgarinnar og að einhverju leiti draga vagninn til að allir viðburðir ættu sér stað. Það er ljóst að við þurfum að setjast niður og sjá hvað betur má fara við undirbúning viðburða verslunarmannahelgarinnar en mikilvægt er að slíkt gangi snuðrulaust.

Ég er mjög ánægður með að sjá að brugðist hefur verið við því sem mér hefur þótt skorta á svæðinu, sem eru afþreyingarmöguleikar fyrir heimamenn og gesti í Hreppnum. Nú hefur Gamla laugin í Hvammi öðlast nýtt líf, komið hefur verið upp fótboltagolfvelli í Dalbæ og frisbíggolfvöllurinn risinn í Bæjargarðinum á Flúðum. Stórsniðugt og hefur vakið mikla athygli á landsvísu. Ég er búinn að hrósa Bjössa í Hvammi fyrir sitt framtak en nú vil ég sérstaklega hrósa Magnúsi Páli og Rut í Dalbæ fyrir það snilldarverk að koma upp fótboltagolfvelli, þeim fyrsta á Íslandi.

Málið er að allt þetta og meira til styrkir sameiginlega þá aðila sem bjóða upp á fjölbeytta þjónustu við ferðamenn í Hreppnum en við erum í samkeppni við önnur svæði að ná þeim til að stoppa hér og helst eyða einhverjum land- eða evruaurum. Hins vegar er spurning hvar þessi golfvæðing endar. Kannski er næsta skref að einhver komi upp „hestagolfi“ eða einfaldlega útbúi polovöll, hver veit !

Á vettvangi sveitarstjórnar hefur verið rólegt sumar. Þó er búið að ganga frá samningi um ráðstöfun styrks til uppbyggingar í Kerlingarfjöllum en sem betur fer kemur fjármagn sem munar um til uppbyggingar á svæðinu. Búið er að samþykkja nýjan samning við Ásæl um framhald samstarfs um Fosslækjarskálann og er gaman sjá að þessi félagsskapur verður áfram virkur á fjöllum. Nú liggur fyrir hvernig fasteignamat í sveitarfélaginu verður á árinu 2015, en það hækkar mjög hóflega þetta árið eða á milli 1-2% þannig að ekki verða miklar sveiflur í því. Það er æskilegt þar sem miklar sveiflur eru ekki góðar fyrir gjaldendur. Ljóst er að það er áhugi á því að skoða með að koma á fót fiskeldi í Hreppnum og það hefur verið gaman að ræða við Stolt Sea Farm um pælingar um styrjueldi. Hvort sem eitthvað kemur út úr því eða ekki er ljóst að við eigum tækifæri á þessu sviði sem við þurfum að koma á framfæri. Bygging viðbyggingar íþróttahússins er á áætlun og vel það og nú ætti JÁ-verk að geta hafist handa við reisingu hússins upp úr miðjum ágúst.

Að lokum vil ég minna á að við eigum saman fallega sveit sem við getum verið stolt af og mér var bent á það að oft er glöggt gestsaugað í því sambandi. Við sem erum vön því sem alltaf er fyrir framan nefið á okkur, áttum okkur kannski ekki á því hvað við höfum í höndunum og verðum samdauna umhverfinu. Við þurfum eflaust sjálf að setja stundum á okkur „gestsaugun“ því fegurðin er afstæð eftir því hvernig maður lítur á hana. Ég vil óska öllum góðra sumarloka og megum við eiga gott haust saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri



LAGNA POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM
SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866
OPIÐ VIRKA DAGA 9-18
LAUGARDAGA 11-14

Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi **föstudaginn 22. ágúst 2014**
Athugið!! gjafakort til sölu.
Tímamantanir í síma: 863 0433
Sólveig Jóhannsdóttir



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA



Opið alla daga vikunnar

www.fontana.is

LAUGARVATN
fontana
Höfuðind frá landnámi


Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



Vöndull
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Sími 856 1580
vondull@simnet.is



Ferðir alla virka daga milli
Reykjavíkur, Hveragerðis,
Porlákshafnar, Eyrarbakka,
Stökkseyrar, Selfoss,
Hella, Hvolsvallar og
DREIFBÝLIS Í ÁRNESÝSLU

Nesfrakt

Héðinsgütu 1-3 - Rvk.
Sími 533 2211



Furðubátakeppnin
2014



Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Sumaropnun

Mánudaga til föstudaga	09:00-22:00
Laugardaga	10:00-22:00
Sunnudaga	10:00-22:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax
á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið,

Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahr.
Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.

Með Kv. TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími hreppsskrifstofu.

Mánudaga til fimmtudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:30

Leiguhúsnaði á Flúðum.

Íbúðarhús á Flúðum til leigu frá og með næstu
mánaðarmótum.

Upplýsingar í síma 868-1245 og 860-7041



Upplit

Menningarklasi uppsveita Árnessyslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –
Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plökkun.

Tímapantanir í Síma 856-1599

Félagsmiðstöðin Zero

Starfsmann vantar í 60% starf til að hafa umsjón með starfsemi
Félagsmiðstöðvarinnar Zero á Flúðum. Félagsmiðstöðin er rekin í
samvinnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Laun eru
skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna. Viðkomandi þarf að
geta hafið störf eigi síðar en 15. sept nk. Allar nánari upplýsingar gefur
sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða jon@fludir.is.
Umsóknum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 1.sept.

Félagsmiðstöðin Zero

Félagsmiðstöðin Zero leitar eftir starfsmanni í hlutastarf á dag- og/eða
kvöldopnunum, viðkomandi þarf að hafa náð 18 ára aldri. Nánari
upplýsingar fást hjá Þorbjörgu Helgu í síma 7740015 eða helga@fludir.is

Kvenfélagsútreiðatúr 2014

Kæru kvenfélagskonur og allar aðrar konur.
Þá er komið að hinum árlega útreiðatúr sem
verður á laugardaginn 16 ágúst, ríðið verður
Láxárbakka og endað í Snússu, Gugga og
Grímur ætla að grilla eitthvað gírnilegt ofan í
hópinn.

Verð fyrir kvöldverð er 3000.-

Gaman væri að sem flestar mættu og eru allar
konur velkomnar, endilega takið gesti með ykkur.

Hittumst við reiðhöllina kl: 15:30

Skráning hjá

Auði 8611819 audurk@simnet.is

Elisabetu 8472322 bruska@centrum.is

Vinsamlegast skráið ykkur í síðasta lagi miðvikudaginn 13.ágúst



Leikskóladeild Bláskógaskóla á Laugarvatni

auglýsir eftir leikskólakennara

frá 13. ágúst 2014

Ef ekki fæst leikskólakennari í starfið verður ráðinn leiðbeinandi.

Á leikskóladeildinni eru um 20 börn.



Bláskógaskóli Laugarvatni

Auglýsum eftir starfsmanni í hlutastarf við skólasel og gæslu sem fyrst.

Bláskógaskóli Reykholti auglýsir eftir stuðningsfulltrúa skólaárið 2014-15

Stuðningur við nemendur inni í bekk og gæsla í frímínútum. um 60% starf

Í skólanum eru um 150 nemendur þar af um 90 í Reykholti.

Öll störfin henta jafnt konum sem körlum.

Allir starfsmenn sem ráðnir eru við Bláskógaskóla þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð.

Bláskógaskóli er í Bláskógabyggð með tvær starfsstöðvar, á Laugarvatni og í Reykholti.

Nánari upplýsingar veitir Hrunn Harðardóttir skólastjóri

hrund@blaskogaskoli.is s 4803020/8616609



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er **480 5112**

Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Sundlaugin á Flúðum. Vetraropnun

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi. Vetraropnun

Mánudaga til fimmtudaga 16:00-21:30

Lokað á föstudögum.-Einnig er opið á laugardögum ef mót eru í gangi,
frá kl: 12:00-15:00



EIMSKIP

Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar



Smárafréttir

ÁGÚST 2014



Að venju sendi Smári glæsilega fulltrúa í alla flokka á nýyfirastaðið landsmót á Hellu. Viljum við óska keppendum og eigendum hrossa til hamingju með frábæran árangur.

Í barnaflokki kepptu Aron Ernir Ragnarsson og Draumur frá Holtsmúla 1 og hlutu þeir 8,14 í einkunn. Þorvaldur Logi Einarsson og Brúður frá Syða-Skörðugili fóru áfram í milliriðil og hlutu 8,31 í einkunn.

Í unglingsflokki kepptu Helgi Valdimar Sigurðsson og Hugnir frá Skollagróf og hlutu 8,04 í einkunn. Hrafnhildur Magnúsdóttir og Eyvör frá Blesastöðum hlutu 8,37 í einkunn og voru hársbreidd frá því að komast í milliriðil

Í ungmennaflokki kepptu Eiríkur Arnarsson og Reism frá Rútsstaða-Norðurkoti og hlutu slétta 8 í einkunn. Guðjón Örn og Gola frá Skollagróf hlutu 8,22 í einkunn. Sigurbjörg Bára Björnsdóttir og Blossi frá Vorsabæ II komust í milliriðla og þaðan upp í b-úrslit og hlutu í einkunn þar 8,40

Í b flokki gæðinga mættu til leiks Stígandi frá Stóra-Hofi og glæsihryssurnar Dáð og Védís frá Jaðri. Knapi á Védísi var Ólafur Ásgeirsson og urðu þau fyrir því óhappi í forkeppninni að missa undan skeifu og hlutu í einkunn 8,11. Knapi á Dáð og Stíganda var Guðmundur Björgvinsson. Fóru þau bæði upp í milliriðil og hlaut Stígandi 8,41 í einkunn og Dáð 8,44.

Í a flokki gæðinga mætti Hermann Þór Karlsson með hinn vakra leirljósa Gítar frá Húsatóftum og uppskáru þeir 8,14 í einkunn. Askja frá Kílhrauni setin af Guðmanni Unnsteinssyni hlaut 8,28 í einkunn og Nótt frá Jaðri setin af Teiti Árnasyni fór áfram í milliriðil og hlaut 8,44 í einkunn.

Einnig fór glæsilegur hópur Smárafélaga í hópreiðina við setningarathöfn mótsins og eiga þeir kæra þökk skilið frá félaginu.



Gæðingamótið var haldið á Flúðum 19 júlí síðastliðinn og voru úrslit eftirfarandi :

Barnaflokkur

1. Þorvaldur Logi Einarsson og Brúður frá Syðra-Skörðugili 8,40
2. Þórey Pula Helgadóttir og Bráinn frá Reykjavík 7,88

Unglingaflokkur

1. Hrafnhildur Magnúsdóttir og Eyvör frá Blesastöðum 1A 8,51
2. Helgi Valdimar Sigurðsson og Hugnir frá Skollagróf 8,02
3. Halldór Fjalar Helgason og Topar frá Hvammi I 7,70

Ungmennaflokkur

1. Eiríkur Arnarsson og Reisin frá Rútsstaða-Norðurkoti 8,33
2. Sigurbjörg B. Björnsdóttir og Fagriblakkur frá Vorsabæ II 8,15
3. Guðjón Örn Sigurðsson og Gola frá Skollagróf 8,08
4. Bryndís Arnarsdóttir og Fákur frá Grænhólum 8,07

B flokkur

1. Dáð frá Jaðri og Ólafur Ásgeirsson 8,69
2. Blossi frá Vorsabæ II og Sigurbjörg B. Björnsdóttir 8,39
3. Hula frá Túnsbergi og Pernille Lyager Möller 8,14
4. Þöll frá Hvammi og Erna Óðinsdóttir 8,03
5. Dropi frá Efri-Brúnavöllum og Hermann Þ. Karlsson 7,89

A flokkur

1. Sóllilja frá Sauðanesi og Þórarinn Ragnarsson 8,52
2. Nótt frá Jaðri og Teitur Árnason 8,48
3. Askja frá Kílhrauni og Guðmann Unnsteinsson 8,41
4. Gítar frá Húsatóftum og Hermann Þ. Karlsson 8,20
5. Rjóð frá Jaðri og Flosi Ólafsson 8,10



Nokkrar myndir frá gæðingamóttinu. Finna má fleiri myndir inn á facebook síðu Smára

